

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 28. apríl 2023
Málsnúmer: 202303-0061
SS/LA

Efni: Umsögn um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir landslagsverndarsvæðið í Þjórsárdal

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýst landslagsverndarsvæði í Þjórsárdal sem Umhverfisstofnun hefur formlega auglýst og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Afar jákvætt er að vinnu við stjórnar- og verndaráætlun fyrir landslagsverndarsvæðið í Þjórsárdal sé að ljúka og hafi verið sett í forgang enda svæði sem er undir töluverðu álagi og mikilvægt að skýr áætlun um verndun og stýringu liggi fyrir.

Stjórnar- og verndaráætlunin inniheldur stutta kynningu á hinu friðlýsta svæði og umfjöllun um stöðu, stefnu og leiðir til að framfylgja stefnunni. Í lokin er sérstök aðgerðaáætlun og umfjöllun um sérreglur. Í stefnunni er fjallað um margvísleg atriði enda svæðið stórt og fjölbreytt og margs konar athafnir fara þar fram sem nauðsynlegt er að fjalla um. Náttúrufræðistofnun saknar þess að ekki sé sérstök umfjöllun í stefnunni um landslag og hvernig staðið skuli að því að vernda landslag. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti slík umfjöllun að vera til staðar í ljósi þess að svæðið er friðlýst sem landslagsverndarsvæði og mikilvægt að verndun sérstæðs og merkilegs landslags svæðisins sé tryggð.

Ekki eru gerðar efnislegar athugasemdir við fyrsta kafla sem lýsir friðlýsta svæðinu og forsendum friðlýsingar.

Athugasemdir um kafla 2: Staða, stefna og leiðir:

Helstu ógnir sem steðja að svæðinu eru listaðar á bls. 17. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti einnig að tilgreina framandi ágengar tegundir sem ógn sem og möguleg neikvæð áhrif á landslag og náttúruminjar í tengslum við framkvæmdir t.d. ef ófyrirséð rask eða mengun verður á framkvæmdatíma, en stefnt er að töluverðum framkvæmdum innan friðlýsta svæðisins vegna uppbyggingar ferðaþjónustu.

Umfjöllun um ástandsmat á bls. 19 er frekar rýr. Greina mætti betur frá því hvaða viðfangsefni ástandsmatið fjallar um. Til dæmis kemur ekki fram að lagt sé mat á ástand náttúruminja almennt heldur einungis fyrir áningarstaði og gönguleiðir. Þá er mikilvægt að ástandsmatið nái yfir hjóla- og reiðleiðir til viðbótar við gönguleiðir.

Í umfjöllun um skipulag á bls. 20 segir að gott samráð og samstarfi eigi að vera um allar skipulagsáætlanir innan landslagsverndarsvæðisins. Að mati Náttúrufræðistofnunar mætti taka fram að stefna ætti að því að skipulagsáætlanir séu í góðu samræmi við markmið og skilmála friðlýsingarinnar.



Í umfjöllun um vegi og bílastæði á bls. 22 kemur fram að fjöldi stæða fyrir bíl skuli taka mið af þolmörkum hvers svæðis. Mikilvægt er að stefnt sé að slíkri þolmarkagreiningu, og ekki einungis fyrir áfangastaði innan friðlýsta svæðisins heldur friðlýsta svæðið í heild. Þolmarkagreining er forsenda allra aðgerða til að stýra umferð og því forgangsatríði að hún fari fram.

Í umfjöllun um námur á bls. 22 mætti bæta við að nauðsynlegt sé að fylgjast með frágangi aflagðra náma með eftirliti til að tryggja að framkvæmd þess sé í samræmi við markmið friðlýsingar um verndun landslags, en námur sem eru mjög sýnilegar geta haft töluverð neikvæð áhrif á landslag.

Náttúrufræðistofnun telur krefjandi gönguleið vestan við Fossá upp að Háafossi ekki vera nauðsynlega og ef hún er mikið notuð getur hún rýrt landslagsgæði og upplifun þeirra sem nýta göngu- og hjólaleið austan við ána.

Varðandi hjólaleiðir er mikilvægt að ástand þeirra sé metið reglulega og sérstaklega fylgst með því að hjólaumferð sé ekki að valda raski utan hjólreiðaleiða. Þá þarf að meta hvort samlegð göngu- og hjólaleiða sem er töluverð valdi nokkuð árekstrum milli notenda.

Í umfjöllun um jarðminjar er greint frá sérstöku áhersluverkefni um að fylgjast með ástandi gervigíga og þá á einnig að vakta vel viðkvæman gróður á álagssvæðum. Náttúrufræðistofnun telur einnig mikilvægt að fylgst sé vel með köldum lindum og nánasta umhverfi þeirra t.d. í Gjánni.

Náttúrufræðistofnun telur ástæðu til að setja í stefnu að gera frekari úttekt á fuglalífi og öðru dýralífi t.d. villtum spendýrum. Þá ættu skotveiðar almennt að vera bannaðar á svæðinu og meta þarf vandlega hvort þörf sé á refaveiðum. Minkum ætti að halda í skefjum en á mannúðlegan hátt.

Fjallað er um mönnuð og ómönnuð loftför á bls. 40. Mjög mikilvægt er að mati Náttúrufræðistofnunar að meta þolmörk fyrir þessari umferð og takmarka slíkt með reglum ef í ljós kemur að umferðin sé að valda miklu ónæði og skerða upplifun af landslagi og náttúru.

Í kafla um öryggismál kemur fram að mikilvægt sé að fjölga landvörðum á svæðinu og lengja viðverutíma landvarða á svæðinu þannig að þeir séu einnig til staðar á vorin og á haustin. Í ljósi þess að stefnt sé að umfangsmikilli uppbyggingu ferðaþjónustu innan friðlýsta svæðisins sem líklegt er að sé í rekstri allt árið um kring, þá er fyrirsjáanlegt að þörf verði fyrir öflugra heilsárs landvörslu.

Setja mætti í stefnu að framkvæma eigi vöktunaráætlun sem Náttúrufræðistofnun ber ábyrgð á í samstarfi við Umhverfisstofnun. Það er verkefni sem Náttúrufræðistofnun telur brýnt að setja í forgang í ljósi þess að friðlýsta svæðið er undir töluverðu álagi sem mun einungis fara vaxandi með aukinni umferð og notkun. Náttúrufræðistofnun mun eiga frekara samráð við Umhverfisstofnun um vöktunaráætlunina við fyrsta tækifæri.

Í aðgerðaáætlun ætti að bæta við skýrari aðgerðum er varða rannsóknir og vöktun á náttúrufari t.d. fuglalífi, spendýrum og kortlagningu á útbreiðslu sjaldgæfra plöntutegunda. Þá þarf að móta verklag sem tryggir að öll innviðaupbygging sé í samræmi við markmið um verndun landslags. Þá segir að kanna eigi möguleika á þolmarkagreiningu. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf það að vera meira afgerandi í orðalagi aðgerðaáætlunar að þessi þolmarkagreining fari fram og sé sett í forgang. Áhugavert væri t.d. ef niðurstöður slíkrar greiningar liggi fyrir áður en uppbygging umfangsmikillar ferðaþjónustu á svæðinu lýkur, til að geta gert greinargóðan samanburð.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við stjórnunar- og verndaráætlunina.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs